



MANNRÉTTINDA- OG JAFNRÉTTISSTEFNA AFSTÖÐU

Afstada setur sér mannréttinda- og jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr.62/1994, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008. Markmiðið er að hafa jafnræði og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur Afstada einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kynjanna.

Mannréttindum í lagalegum skilningi er ætlað að tryggja einstaklingum og hópum vernd fyrir hvers konar aðgerðum og vanrækslu gegn grundvallarréttindum og mannvirðingu. Alþjóðlegir mannréttindasamningar skylda ríki til vissra aðgerða á sama tíma og þeir banna aðgerðir stjórnvalda sem gengið geta gegn mannréttindum einstaklinga eða hópa.

Jafnrétti og önnur mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands ásamt fjölmörgum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að og eru Evrópsku fangelsisreglurnar hluti af þeim.

Afstada hefur jafnréttis- og mannréttinda sjónarmið að leiðarljósi í öllu sínu starfi enda mikilvægt í ljósi þess að skjólstæðingar félagsins eru margir frelsissviptir.

Gildi Afstöðu eru þar höfð að leiðarljósi; fræðsla, traust og betrun. En félagið mismunar engum og það er ekki gert upp á milli brotaflokka. Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt í hvívetna.

Markvisst skal unnið að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunur. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki liðin. Með jafnréttisstefnu félagsins er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum.

Afstada leggur áherslu á samvinnu við opinbera aðila, háskólana, fangelsin, lögreglu einkafyrirtæki og samtök sem vinna að því að efla frumkvæði og nýsköpun á sviði jafnréttis og mannréttinda.



Afstada leggur áherslu á að allir þeir, sem félagið á samskipti við, virði mannréttindi. Bannað er að mismuna fólki vegna kyns. Hvatt er til jafnrar þátttöku og áhrifa kvenna og karla, sem og fólks af öðrum kynjum. Markvisst skal unnið á móti allri mismunun. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum, án tillits til kyns.

Sjálfbóðaliðum félagsins ber að vera vakandi fyrir hverju því tækifæri sem gefst til að ræða við sitt félagsfólk og þjónustunotendur um mannréttindi, jafnrétti kynjanna, staðalímyndir, fordóma, samskipti, ólíkar þarfir einstaklinga og kynjahlutföll.

Leita skal allra leiða til að efla sjálfsvirðingu og sjálfsvitund með það að markmiði að styrkja hvern einstakling í að velja út frá eigin sannfæringu en ekki út frá viðhorfum hóps eða staðalímyndum. Lögð er áhersla á að allir þjálfist í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri um leið að virða tilfinningar annarra óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun.

Leggja skal áherslu á að allir hljóti fræðslu, ráðgjöf og hvatningu óháð kyni. Þess skal gætt að fræðsluefni mismuni ekki kynjum og endurspegli margbreytileika samfélagsins.

Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hluti okkar starfs. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal dómþola. Allir eigi jafnan aðgang að þjónustu Afstöðu. Tekið sé mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og veita þeim sérstakan stuðning. Fjölbreytni og margbreytileika samfélagsins sé haldið á lofti. Mikilvægt er að ekki sé gengið út frá því að allir aðhyllist sömu trú. Sjálfbóðaliðar skulu ávallt vera meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir. Standa fyrir og leiða umræðu um mannréttindi. Standa fyrir umræðu um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í forvarnarskyni eða óska eftir aðila til að gera það.



Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Í september 2015 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna:

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (HM). Markmiðin gilda frá 2016 til 2030.

Um er að ræða ein víðtækustu markmið sem samningsaðilar hafa komið sér saman um að hafa að leiðarljósi til að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030.

Ísland er eitt þeirra ríkja sem samþykkt hafa Heimsmarkmiðin en þau koma í framhaldi af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem náðu fram til ársins 2015. Heimsmarkmiðin byggja á 17 meginmarkmiðum og 169 undirmarkmiðum. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar: efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra.

Árið 2024 samþykkti stjórn Afstöðu að innleiða nokkur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og kemur hér að neðan kynning þeirra.

Mannréttinda- og jafnréttisáætlun Afstöðu tekur mið af þessu.

Starfsemi Afstöðu tengist nokkrum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SDGs), sem leggja áherslu á félagslega réttlæti, jöfnuð og mannréttindi.

Hér eru helstu markmiðin sem Afstaða vinnur að:



Markmið 3:

Heilsa og vellíðan - Afstaða vinnur að bættri líkamlegri og andlegri heilsu fanga með stuðningi frá geðheilbrigðisráðgjöfum og öðrum heilbrigðisstarfsfólki. Þessi vinna stuðlar að markmiði um að tryggja heilsu og vellíðan fyrir alla, óháð stöðu þeirra í samfélaginu.

Markmið 5:

Jafnrétti kynjanna - Með því að tryggja jafnrétti og réttindi fyrir bæði karla og konur innan fangelsiskerfisins stuðlar Afstaða að markmiði um jafnrétti kynjanna. Þetta felur í sér að tryggja að bæði karlar og konur fái sanngjarna meðferð og stuðning innan kerfisins.

Markmið 10:

Minna ójafnrétti - Afstaða vinnur að því að draga úr ójöfnuði innan samfélagsins með því að bjóða jafnan aðgang að stuðningi og þjónustu fyrir fanga og aðstandendur þeirra. Með þessu stuðlar Afstaða að markmiði um að draga úr ójafnrétti á öllum sviðum samfélagsins.

Markmið 16:

Friður og réttlæti - Afstaða stuðlar að réttlátara og friðsælla samfélagi með því að styðja við betrun og endurhæfingu fanga, auk þess að stuðla að mannréttindum þeirra. Þetta fellur undir markmið um að efla friðsæl samfélög og tryggja aðgengi að réttlæti fyrir alla.

Markmið 17:

Samstarf um markmið - Afstaða vinnur í samstarfi við ýmsa aðila, bæði innanlands og erlendis, til að ná markmiðum sínum um betrun og bætta lýðheilsu. Þetta stuðlar að því að ná fram markmiði um að efla alþjóðlegt samstarf til að ná Heimsmarkmiðunum.

Heimsmarkmiðin Sameinuðu þjóðanna eiga margt sameiginlegt með málstað Afstöðu og gerir starfsemina enn mikilvægari í alþjóðlegu samhengi. Afstaða vekur athygli á mikilvægum málaflokki sem og á þýðingu starfseminnar sem mikilvægt að halda áfram öllum til hagsbóta.

AFSTADA - Fyrir betri framtíð

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Guðmundur Ingi Þóroddsson".

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

afstada.is
556 1900
afstada@afstada.is